

„Ef ég viðurkenni mál annars manns
hef ég þar með viðurkennt manninn,
en ef ég viðurkenni ekki mál hans
hef ég þar með hafnað honum,
vegna þess að málið
er hluti af okkur sjálfum.“

Terje Basilier

Íslenskt ***táknmál*** er okkar mál



Ritstjóra**PISTILL**

Nú er komið að haustdögum. Eftir gott og sólríkt sumar má segja að kominn sé tími til að huga að málefnum okkar. Þema blaðsins að þessu sinni eru mannréttindi. Mannréttindi eru öllum sjálfsögð, líka heyrnarlausum, sem sagt öllu fólki. En hvað þýða mannréttindi fyrir okkur? Það er spurning sem við þurfum stundum að velta fyrir okkur, en nú dögum er auðvelt að svara henni. Ég myndi segja að mín mannréttindi, sem heyrnarlaus einstaklingur séu að ég vilji þekkja mitt þjóðfélag, vera fullgildur meðlimur í þjóðfélaginu. En hef ég tækifæri til þess? Svarið við þessari spurningu kann kannski að vefjast fyrir mörgum, en ekki fyrir mér. Mitt svar við þeirri spurningu er: „Nei, ég þekki ekki mitt þjóðfélag og fæ ekki að vera með.“ Fólki kann kannski að finnst það djarft af mér að kasta þessu svari svona blákalt fram, vegna þess að við búum í velferðarþjóðfélagi. Ég myndi segja að við búum ekki í velferðarþjóðfélagi vegna þess að ég fæ ekki að fylgjast með íslensku sjónvarpsefni, það er ekki textað, nema kannski bara á hátíðisdögum, ég er orðin þreytt á að vera fullgildur þjóðfélagsþegn bara á hátíðisdögum, ég vil vera það alltaf, alla daga ársins. Með þessum orðum er ég að beina orðum 10 - 25 þúsund þjóðfélagsþegna til yfirvalda um að hefja strax textun á ALLT íslenskt sjónvarpsefni, hvort sem það er sent út beint eða ekki. Textun á sjónvarpsefni er orðin algeng erlendis og er sjálfsagt mál, af hverju ætti það ekki að vera það hér á landi líka, af hverju er þetta svo mikið mál fyrir æðstu menn sjónvarpsmála? Það skil ég ekki.

Jæja, ég læt þá hér staðar numið í þessum hugleiðingum mínum og vona að þið eigið jafn skemmtilegan lestur blaðsins og mér fannst að búa það til.

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir ritstjóri

HÚSNÆÐISMÁL FH

Þann 11. júní sl. var skrifað undir kaupsamning á sölu húseignarinnar Laugavegs 26 (3. og 4. hæð). Kaupandi var Jón Ólafsson í Skífunni. Félag heyrnarlausra gerði jafnframt leigusamning við Jón Ólafsson. Stjórn Félagsins mun svo á næstu árum fara vandlega yfir húsnæðismálin og koma sér upp góðum húsnæðissjóði, svo hægt verði að kaupa eigið húsnæði síðar.

SMS

Ráðstefnur fyrir heyrnarlausu haustið 1998.

Gallaudet háskólinn í Bandaríkjunum heldur ráðstefnu um geðheilsu og heyrnarleysi 22.-24. október næstkomandi. Á ráðstefnunni verða fyrirlestrar og vinnuhópar og koma fyrirlesararnir frá Bandaríkjunum og Evrópu.

Unglingaklúbbur Félags heyrnarlausra á Írlandi heldur upp á 10 ára afmælið sitt í október. Í tilefni af því verður efnt til málþings 15.-21. október í Belfast. Á málþinginu verða tekin fyrir þau mál sem unglingaklúbbar í Evrópu eru með á sinni könnu.

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Félags heyrnarlausra, Laugavegi 26.

Döffblaðið

Ritstjóri: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir

Ábyrgðarmaður: Berglind Stefánsdóttir

Útgefandi: Félag heyrnarlausra

Laugavegur 26, 101 Reykjavík

Sími: 561-3560 Fax: 551-3567

Email: feheyrn@ismennt.is

Yfirferð: Kristín Irene Valdemarsdóttir

Ljósmyndir: Sigurlín Margrét Sigurðardóttir og fleiri

Upplag: 1200 eintök

Stjórn Félags heyrnarlausra:

Berglind Stefánsdóttir, formaður

Netfang: bettys@ismennt.is

Júlía G. Hreinsdóttir, varaformaður

Netfang: juliahr@islandia.is

Sigurlín Margrét Sigurðardóttir, ritari

Netfang: sigmars@islandia.is

Unnur Dóra Norðfjörð, meðstjórnandi

Netfang: unnurdora@islandia.is

Guðrún Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Netfang: gudruno@bi.is

Framkvæmdarstjóri Félags heyrnarlausra:

Hafís Gísladóttir Netfang: feheyrn@ismennt.is

XIII alheimsráðstefna

Heimssamtaka heyrnarlausra

25. til 31. júlí 1999 í Ástra,

Í júlí á næsta ári verður haldin þrettánda alheimsráðstefna heimssamtaka heyrnarlausra í Brisbane í Ástralíu. Ráðstefnan ber yfirskriftina "Margbreytileiki og sameining" (Diversity and Unity).

Ástæðan fyrir þessari yfirskrift ráðstefnunnar er sú að samfélag heyrnarlausra er samfélag sem nær yfir allan heiminn. Samfélagið samanstendur af fólki frá mismunandi löndum, af mismunandi kynþætti, á sér mismunandi menningu og trú og er af mismunandi kynferði. Þrátt fyrir þessa aðgreinandi þætti er eitt sem tengir alla saman – heyrnarleysi og skilningur á því hvað er að vera heyrnarlaus. Þessi ráðstefna er tilvalið tækifæri til þess að kanna og fagna þessum sameiginlegu þáttum og einnig til þess að

viðurkenna og virða þá þætti sem greinir heyrnarlausra frá hvorum öðrum. Sem sagt tilvalið tækifæri til þess að kynnast nýju og deila með sér þekkingu og reynslu.

Þetta er í fyrsta skiptið sem alheimsráðstefnan er haldin á suðlægum slóðum. Félag heyrnarlausra í Ástralíu er gestgjafinn og býður allan hjartanlega velkomna.

Á ráðstefnunni verða fyrirlestrar, listasýningar, sýnd myndbönd, kvikmyndir og sjónvarpsefni sem tengist heyrnarlausum. Ef þið viljið taka þátt í einhverju af þessu, þá hafið samband við skrifstofu Félags heyrnarlausra og skrifstofan mun hjálpa ykkur að koma ykkur á framfæri. Fyrirlestrarir verða að fjalla um eitthvað af eftirfarandi efnum: menningu og listir heyrnarlausra, mannréttindi, menntun, túlkun, táknmál, þróunarlönd, heilsu eða tækni, menntun, túlkun, táknmál, þróunarlönd, heilsu eða tækni.

Í fyrsta skiptið verður boðið upp á að ákveðnir hópar geti haldið fyrirlestra um afmörkuð málefni. Þeir hópar sem lögð verður áhersla á eru: dauðblindir, heyrnarlausar konur, fatlað heyrnarlaust fólk, eldri borgara, trúmál, heyrnarlausir minnihlutahópar, fjölskylduna, heyrnarlaust fólk í viðskiptaheiminum, samkynhneigða heyrnarlausra og unglinga.

Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt geta fengið nánari upplýsingar um ráðstefnuna og annað sem henni tengist s.s. gístiaðstöður. Þátttökueyðublöð liggja frammi á skrifstofu Félags heyrnarlausra, Laugavegi 26.



**XIII World Congress
of the
World Federation
of the Deaf**



Diversity & Unity
25–31 July 1999

**Convention & Exhibition Centre,
Brisbane, Queensland
AUSTRALIA**

Proudly hosted by the Australian Association of the Deaf

WFD Congress Secretariat
PO Box 4044 St Lucia South QUEENSLAND 4067 AUSTRALIA
Telephone +617 3870 8837 (TTY) +617 3870 8831 (voice)
Fax +617 3371 9514
Email wfdc99@convqld.org.au
Accommodation enquiries: ozaccom@eis.net.au

DAGSKRÁ KLÚBBS 37

Laugardaginn 5. september. Haustfagnaður. Opið hús kl. 20:00 að Eyjabakka 3, 109 Reykjavík. Húsið verður opið fram eftir kvöldi og þeir sem eiga eftir að sækja myndirnar sínar geta gert það núna.

Laugardaginn 3. október. Opið hús í félagsheimilinu klukkan 20:00.

Laugardaginn 7. nóvember. Opið hús í félagsheimilinu klukkan 20:00.

Laugardaginn 5. desember. Jólaglögg í félagsheimilinu klukkan 20:00.

Laugardaginn 9. janúar 1999. Nýársfagnaður í félagsheimilinu klukkan 20:00.

Laugardaginn 6. febrúar. Þorablót og aðalfundur Klúbbs 37. Húsið opnar klukkan 19:00.

GALLAUDET UNIVERSITY

Kristinn Jón Bjarnason, sendi til DÖFFblaðsins eftirfarandi grein um háskóla fyrir heyrnarlausla í USA, en hann er nemandi þar.

Ég hef stundað háskólanám síðastliðin tvö ár í Gallaudet University í Washington DC í Bandaríkjunum. Þetta er eini háskólinn fyrir heyrnarlausla og heyrnarskerta í heiminum. Skólinn er bæði þekktur og virtur meðal heyrnarlausra víðs vegar um heim. Hann var stofnaður árið 1884 og er því 134 ára í dag.

Rektor skólans Dr. King I. Jordan er heyrnarlaus og hefur starfað síðan 1988. Ráðning hans var nokkuð söguleg því fyrst var ráðin kona í rektorsstöðuna, en hún kunni ekki táknmáli og hafði lítið unnið með heyrnarlausum. Eftir var til mótmæla, sem í dag eru þekkt undir heitinu „Deaf President Now“, í daglegu tali kallað DPN. Konan hætti eftir að hafa setið í viku í rektorsstól, og sömuleiðis stjórnarformaður skólans. Dr. Jordan var ráðinn og allt frá því að hann hóf störf hefur aðstaða heyrnarlausra breyst til muna, nýjar námsbrautir hafa verið stofnaðar, t.d. í menningarsögu heyrnarlausra og meiri áhersla lögð á rannsóknir í táknmáli. Og í framhaldinu hafa heyrnarlausir í Bandaríkjunum fengið betri vinnu en tíðkaðist. Síðastliðið vor var þessara tímamóta minnst með margvíslegum upptákum, ráðstefnu og fyrirlestrum. Auk þess má geta þess að á þessum tímamótum var Liissa Kauppien, forseti World Federation of the Deaf sæmd heiðursdoktorsnafnbót við skólann.

Skólann geta allir heyrnarlausir og heyrnarskertir, sem hafa um 70 db heyrn eða minna, sótt þ.e.a.s. í grunnnám, en í framhaldsnám geta allir farið. Aðeins eru um 35% framhaldsskólanema heyrnarlausir eða heyrnarskertir. Um



Vor í Washington. Til vinstri er aðalkennsluhúsið og til hægri ein af sex heimavistum skólans.

2.033 nemendur eru skráðir í skólann þetta skólaár. Erlendir stúdentar sem ekki hafa góða undirstöðuþekkingu í ensku eða amerísku táknmáli (ASL) geta farið í sérstakt fornam (ELI) og í því eru 25 erlendir nemendur að jafnaði. Sjálfur stóðst ég enskuprofið þannig að ég þurfti ekki að fara í fornamið. Kennarar við skólann eru 268, af þeim eru um 35% heyrnarlausir eða heyrnarskertir. Í hverri skólastofu eru 10-15 nemendur sem sitja í hálfhring svo allir geti fylgst vel með hvað allir segja og sömuleiðis því sem kennt er.

Ég ákvað að sækja um inngöngu í skólann í nóvember 1996. Byrjaði strax á því að taka inntökupróf í ensku hér á landi, sem er sambærilegt og svokölluð TOEFL enskuprof og SAT stærðfræðipróf. Staðfesting á inngöngu minni í háskólann barst svo í mars 1997.

Í framhaldinu, 21. júlí 1997 var ég á leið til Bandaríkjanna. Þegar í skólann var komið byrjaði ég strax á þriggja vikna námskeiði sem heitir „News Singer Program“ og er fyrir þá sem kunna lítið sem ekkert í ASL. Einnig tók ég „Discovery“ námskeið á vegum íþróttadeildar skólans. Þetta var áhugavert námskeið og fólst megal annars í því að byggja upp sjálfstraust nemenda. Ég þurfti að klifra upp í tré eða ljósastaur og stökkva niður. Það var erfitt og reyndi á allan tímann, en aldrei var nein hætta á ferðum. Á námskeiðum þessum voru 17 manns, þar af þrír erlendir nemendur. Þetta námskeið er metið sem 4 einingar af háskólanáminu. Í upphafi hverrar annar þurfa allir nýnemar að þreyta próf í annarsvegar ensku, sem er í 4 hlutum (ritgerð, málfræði, lesskilningur og orðaforði) og hinsvegar í



Kristinn Jón Bjarnason fyrir framan skólann.



Elsta húsið í Galludet, frá um 1860. Húsin í kring eru með þeim elstu í Galludet.

stærðfræði. Ef nýnemar ná ekki lágmarkskröfum í þessum greinum, fara þeir í fornám í ensku eða stærðfræði sem er ekki metið sérstaklega í skólanum, en enskan er að sjálfsögðu lykilinn að náminu í Gallaudet University. Heyrnarlausir þurfa sérstaka kennslu í að lesa og skrifa enskuna, þar sem þeir heyra ekki málið. Gallaudet University kemur til móts við þessa nemendur með því að þjálfa þá og krafist er að þeir skrifi nokkurn veginn rétta málfræði. Ég byrjaði á því að fara í ensku og var í henni 12 tíma á viku á haustönn, jafnframt tók ég framhaldsnámskeið í ASL og íþróttum. Ég náði enskunni rétt fyrir júl 1997 og hef tekið fög eins og kerfisfræði, tölvufræði, heyrnarfræði, menningarsögu heyrnarlausra, táknmálfræði, ræðumennsku, sund og ensku. Auk þessa hef ég tekið nokkur námskeið í gerð heimasíðna, þar sem notkun þeirra á netinu nýtur vaxandi vinsælda.

Ameríska skólakerfið er frábrugðið íslenska skólakerfinu. Gallaudet University er áfangaskóli eins og Menntaskólinn við Hamrahlíð. Nemendur koma í skólann 18 ára að

afloknum framhaldsskóla (High School) og meðalnámstími er 5 ár. Til BA- eða BS-prófs þarf hver nemandi að ljúka 124 einingum, úr 50 mismunandi námsbrautum, s.s. endurskoðun, efnafræði, ensku, félagsfræði, félagsráðgjöf, fjölmiðlafræði, frönsku, heyrnarfræði, íþróttufræði, kerfisfræði, leiklistarfræði, líffræði, listasögu, sálarfræði, stjórnmálafræði, stærðfræði, sögu, táknmálfræði, og tölvufræði.

Í skólanum er nýlegt og stórt bókasafn, sem er stærsta bókasafn sem hefur bækur um málefni heyrnarlausra í heiminum að geyma. Mjög góð aðstaða er á safninu og meðal annars hægt að horfa á myndbönd. Elsta bókin í safninu er frá 1546. Til gamans má geta að í safninu er einnig að finna Tímarit heyrnarlausra frá 1983 - 1985 svo og DÖFFblaðið og EFLI. Bókasafnið hefur samstarf við önnur háskólabókasöfn í borginni og eru um 2,3 miljónir færslna í tölvukerfi þess. Í húsinu er starfandi Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Einnig er sjónvarpsver þar sem nemendur í fjölmiðlafræði framleiða þátt sem nefnist „Deaf Mosaic“ sem er sendur út í samvinnu við Discovery og PBS. Í Galludet er sérstök sjónvarpsrás sem sendir út á virkum dögum. Á háskólasvæðinu er bókabúð, kaffihús, hraðbanki, ferðaskrifstofa, lækna- og kvikmyndahús, keilusalur, íþróttahús, sundlaug og ýmsar skrifstofur. Á svæðinu sem er um 45 hektarar á stærð eru margar fallegar byggingar frá 1881-1995. Í skólanum er kennd leiklist og þar geta allt að 750 manns horft á leiksýningu í einu. Allt fer fram á táknmáli og það er sérstök upplifun að sjá þetta stóra táknmálsumhverfi. Lögregla sinnir öryggisgæslu á svæðinu og svæðið telst öruggt miðað við banda-

riskar aðstæður. Allir þurfa sérstaka passa til að komast inn á svæðið.

Ég stefni á að ljúka BA-prófi í tölvunarfræðum eða kerfisfræðum árið 2000.

Kristinn Jón Bjarnason

BREYTINGAR Á STJÓRN FÉLAGS HEYRNARLAUSRA

• Í sumar áttu umtalsverðar breytingar sér stað í stjórn Félags heyrnarlausra. Tveir stjórnarmenn hættu setu. Haukur Vilhjálmsson hætti vegna námsferðar til Gallaudet University í Washington og Margareth Hartvedt hætti vegna flutnings til Noregs með fjölskyldu sinni. Þeim eru hér með þökkúð góð stjórnarstörf í gegnum árin og óskað góðrar dvalar í nýju landi. Varamenn í stjórn, þær Unnur Dóra Norðfjörð og Guðrún Ólafsdóttir munu taka sæti þeirra og óskum við þeim góðs gengis við stjórnarstörfin í framtíðinni.

SMS

TÚLKUN Í LEIKHÚSUM VETURINN 1998-99

• Þeir heyrnarlausir sem hafa áhuga á að fara í leikhús í vetur með túlk geta haft samband við Sigrúnu Eddu Theodórsdóttur, fax: 562 8577 eða í gegnum tölvupóst: sigthe@centrum.is. Hægt er að bera fram ósk um túlkun á ákveðnu leikriti í einhverju af leikhúsum borgarinnar, Sigrún kannar svo málið. Gott er að hafa góðan fyrirvara á þessu, því leiklistartúlkun krefst mikils undirbúnings.

SMS

MENNINGARHÁTIÐ HEYRNARLAUSRA Í BORNHOLM 1998

Fyrstu vikuna í júlí var haldin Norræn menningarhátíð heyrnarlausra á sólskinseyjunni Bornholm í Danmörku. Fulltrúar Íslands voru undirrituð og Berglind Stefánsdóttir formaður Félags heyrnarlausra. Norræn menningarhátíð sem þessi er haldin fjórða hvert ár til skiptis á Norðurlöndunum.

Við vorum mættar til þessarar sólskinseyjar mitt á Eystrasaltinu, fullar vonar um sól og suðræna daga, en einmitt þessa daga gekk á með rigningu og roki. Einhverjir höfðu á orði að við Íslendingarnir hefðum tekið sögufrægt rokið með okkur, sem við vitanlega könnuðumst ekkert við, því á Íslandi var einmitt þessa dagana 20 - 25 stiga hiti og sól. Áðanir skipulögðu þessa átjándu Norrænu menningarhátíð heyrnarlausra með afbragðs



Jóhanna Ósk naut sín vel alla vikuna.

vel. Þemað þessa dagana var „heyrnarlaus í fjölskyldunni – og hvað svo?“ Þemað virðist hafa hitt í mark því á hátíðina komu um 500 manns mest fjölskyldufólk frá öllum Norðurlöndunum. Það var sérstaklega gaman að sjá 18 manna hóp koma alla leið frá Grænlandi, en þetta var í fyrsta sinn sem Grænlandingar taka þátt í Menningarhátíðinni. Þarna mættu bæði heyrnarlausir og heyrandi sem á einhvern hátt voru tengdir heyrnarlausum t.d. foreldrar, systkini eða bara vinir.

Frá Íslandi vorum við tvær auk Maríu Jonný Jóhannsdóttur með dóttur sína Jóhönnu Ósk 18 mánaða, hressa og spræka stúlku, Júlíu G. Hreinsdóttur og Svandísi Svavarsdóttur. En þær Júlía og Svandís voru í forsvari fyrir hópi 4 túlkanema sem munu útskrifast sem túlkar á haustdögum. En túlkanemarnir fóru á hátíðina til að fá hina frægu döffvítamínsprautu. Auk þess hittum við heyrnarlausa Íslendinga sem eru búsettir á Norðurlöndum, má þar nefna Kolbrúnu

Heiðarsdóttur búsetta í Ål, Noregi og Guðmund K. Björnsson, betur þekktan sem Dedda fyrsta formann Félags heyrnarlausra á Íslandi, en hann hefur búið í Danmörku til margra ára. Þarna var sem sagt litríkur hópur Íslendinga. Hátíðin fór vel af stað með glæsilegri opnun undir stjórn hins fræga danska leikara Rödtops sem er Íslendingum vel kunnugur, enda komið til Íslands oftár en einu sinni og Anne Grethe Pedersen.

Á hátíðinni var fyrir hádegi boðið upp á fyrirlestra í takt við þema hátíðarinnar „heyrnarlaus í fjölskyldunni – og hvað svo?“. En eftir hádegi átti maður kost á að taka þátt í vatnslitamálun, tauprykki, ljóðagerð og stuttum ferðalögum um Bornholm. Börn voru ekki skilin útundan, þau höfðu nóg fyrir stafni allan daginn. Ýmist léku þau sér eða bjuggu til heilan sirkus sem þau svo sýndu á lokahátíðinni. Fyrirlesarar voru ýmist heyrnarlausir eða heyrandi en þeir sögðu frá mismunandi þáttum sem snéru að stöðu sinni í fjölskyldunni, hvort sem þeir voru heyrnarlausir eða heyrandi. Fyrirlestur Sussi Toft var spennandi, en hún er heyrandi, á heyrnarlausa foreldra og meirihluti fjölskyldumeðlima eru heyrnarlausir, og hún eignapist sjálf heyrnarlausa dóttur. Í fyrirlestrinum sagði hún frá reynslu sinni, þegar hún uppgötvaði að hún ætti annan heim, þ.e. heim heyrandi og hvernig þessir tveir heimar sköruðust í lífi hennar og uppgötvanir hennar. Þegar hún uppgötvaði að sumt sem hún hélt að væri algilt og venjulegt, passaði ekki inn í heim heyrandi eða að það sem hún hafði lært í heimi heyrandi passaði ekki inn í heim heyrnarlausra, eins og til dæmis brandararnir. Berglind Stefánsdóttir hélt einnig fyrirlestur um sér-íslenska fyrirbærið, að heyrnarlausir á Íslandi velji sér heyrandi maka, vegna smæðar hópsins hér á landi. Fyrirlesturinn hennar vakti athygli, sérstaklega vegna



Berglind Stefánsdóttir heldur fyrirlestur á hátíðinni.



Nóg fyrir börnin að gera.

Þess að hún sagði að til að þetta takist verði heyrnarlausir að læra á heim heyrnarlausra, því báðir verði að vera tilbúnir til að meðtaka öðruvísi menningu frá hinum aðilanum og vera móttækileg(ur) fyrir breytingum. Birgitta Wallvik heyrandi finnsk kona sem alin er upp í heimi heyrnarlausra, kynnti bók sína "...ett folk utan land..." bókina lýsir vel lífi fólks í þessum tveimur heimum. Þessi bók var blanda af sögu heyrnarlausra og hennar eigin reynsluheimi. Margir góðir fyrirlesarar sögðu frá, þeir sem vilja fræðast meira um fyrirlestrana er bent á að Danir munu á næstunni senda til Félags heyrnarlausra skýrslu um menningarhátíðina og í henni verður hægt að nálgast fyrirlestrana.

Sjálf hátíðin gekk vel fyrir sig þó að veðrið hafi sett verulegt strik í reikninginn, en við því var lítið hægt að gera, eins og gefur að skilja. Lokahátíðin var haldin með pompi og prakt í Íþróttahúsi Allinge, og skemmti fólk sér langt fram á nótt. Íslendingarnir héldu svo heim á leið, ánægðir með vikuna. SMS



Hammerhus Slot, Bornholm.

Leiklistarnámskeið Tyst Teater

Síðstu vikuna í ágúst var haldið leiklistarnámskeið Tyst Teater hér á landi.

Tom Fjordefalk leikstjóri Tyst Teater, Vinetta Lyxell leikkona Tyst Teater og Lars Otterstedt leikari Tyst Teater voru leiðbeinendur á námskeiðinu. Námskeiðið var opið öllum og sóttu það 6 þátttakendur, 3 heyrnarlausir og 3 heyrandi. Á námskeiðinu var farið yfir nokkur helstu atriðin í leikhústækni, svo sem öndun, slökun, hrynjanda og síðast en ekki síst, textavinnsluna sjálfa. Textavinnslan er mikilvægur hlekkur í leikhúsi heyrnarlausra og hún ein getur ráðið miklu um hvort leikritið komist rétt til skila. Þegar leikið er á táknmáli verður að vinna og velta textanum vel fyrir sér, láta hann ná sem bestri útkomu. Því má segja að auðveldara sé að vinna með texta fyrir raddmál þar sem þá þarf aðeins að pæla í hvernig röddin geti notið sín. En í táknmáli verður að nota allan líkamann og svipbrigðin verða að vera nákvæm og rétt. Stundum dugar almennt táknmál ekki þá verður að búa til nytt, það má kalla „absrakt“-vinnu, það er aðeins leyfilegt í leikhúsi. Á leiklistarnámskeiðinu var unnið í leikritinu „Dagur vonar“ eftir Birgi Sigurðsson. Úr verkinu voru nokkrir kaflar valdir og fóru þátttakendur með þá í lok námskeiðisins fyrir nokkra útvalda áhorfendur, og var ekki annað að sjá nema að sú vinna hafði skilað sér, því áhorfendur voru ánægðir með útkomuna. Þetta námskeið var samstarfsverkefni Félags heyrnarlausra og Tyst Teater og tilgangurinn með þessu samstarfi er að koma á fót leikhópi heyrnarlausra hér á landi. Tom Fjordefalk mun verða félaginu innan handar við undirbúning. En heyrnarlausir á Íslandi verða ef áhugi er fyrir hendi að sjá um stofnun leikhópsins, ef áhugi er fyrir hendi, til að hann verði að veruleika.

Viðurkenning á táknmáli?

Hvað hefur gerst síðan síðast? Enn einu sinni stöndum við fyrir þessari spurningu. Hvenær gerist það að táknmál verði viðurkennt móðurmál heyrnarlausra? Mönnum er eflaust enn í fersku minni þegar stór hópur heyrnarlausra afhenti Davíð Oddssyni forsætisráðherra áskorun um að stjórnvöld viðurkenni táknmál heyrnarlausra sem móðurmál þeirra. Áskorunina fékk hann afhenta í apríl 1996. Nú eru 18 mánuðir liðnir og í framhaldinu af áskoruninni skipaði forsætisráðherra nefnd til að kanna þessi mál. Sigríður Anna Þórðardóttir (S), er formaður þessarar nefndar. Fulltrúar Félags heyrnarlausra, Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra og Vesturhlíðarskóla hafa gefið frá sér ógrynni af upplýsingum um stöðu heyrnarlausra og tillögur að úrlausnum mála og nefndin lofaði að skila niðurstöðum s.l. vor. Enn hafa niðurstöðurnar ekki borist, svo við biðum óþreyjufull eftir því að eitthvað gerist í málinu þegar þingstörf hefjast að nýju.

SMS

NORRÆNT UNGLINGAMÓT HEYRNARLAUSRA Á ÍSLANDI 14.-20. JÚLÍ 1998.

Landmannalaugar, hestaferð, ratleikur, Gullfoss og Geysir, kvöldvökur, vatnsslagur, sumarást, vinabönd og vinátta, þingvellir, Laugarvatn og Kjarnholt, Stöng, Þjórsárdalur, Hrauneyjar og reykingar bak við skúr, matarvenjur og pizza, Noregur, er hægt að stoppa í sjoppu, afhverju er þetta ekki í mánuð, Ísland, glætan að ég nenni að vera með ykkur hérna í mánuð, Danmörk, það er svo kalt á Íslandi, Bláa Lónið, Færeyjar, Hard Rock og rauðir hamborgarar, Finnland, Kringlan, Skálholt, rok, reynt að koma ró á liðið og spretthlaup á milli hæða, brennó og boðhlaup, löðöðöng rútuferð, vitlaus gististaður...

Það var komið að því, unglíngamót heyrnarlausra var skolið á. Mótið hófst með komu erlendu þátttakendanna til landsins sem komu á öllum mögulegum tímum 14. júlí. Krakkanir komu frá Finnlandi, Færeyjum, Noregi og Danmörku.

Eftir að hafa sent alla á vitlaust gistiheimili og leiðrétt það, var haldið á pizzustað þar sem kvöldmatur var snæddur og fólk fékk að sjá framan í hluta af því fólki sem það átti eftir að eyða næstu 6 dögum með. Danir yfirtóku svo Ísland seinna um kvöldið eins og þeim er einum lagið.

Morgunin eftir var lagt af stað upp í Kjarnholt í Biskupstungum þar sem mótið fór fram, með viðkomu á Þingvöllum og í Skálholti.

Næstu dagar fóru í það að kynnst nærstöddum og nærsveitum og má þar á meðal nefna laaaaanga rútuferð upp í Landmannalaugar sem tók óvæntan kipp þegar einn af

þátttakendunum var skilinn eftir í Hrauneyjum – óvart. Sá hafði tekið sé leyfi til að bregða sér bak við hús til þess að draga að sér amerískt verksmiðjuloft í stað þess heilbrigða íslenska og sá ekki rútuna fara. Hann hefur vonandi lært af þessu að reykingar eru hreint ekkert sniðugar og geta haft margvíslegar afleiðingar í för með sér.

Gullfoss og Geysir vöktu hrifningu rétt eins og endranær þó svo að sjoppað að Geysi hafi glatt þátttakendur hvað mest. Á hverju kvöldi var kvöldvaka sem löndin skiptu með sér að sjá um. Sett voru upp leikrit, dansað og farið í margvíslega leiki sem sumir hverjir voru vandræðalegir fyrir þá sem lentu í þeim – sérstaklega þegar maður er fimmtán.

Eins og alltaf var mikið fjör á þessu móti og þegar nær dróg lokum og krakkanir farnir að kvarta yfir því að þetta væri alltof stutt og leiðbeinendurnir orðnir dauðþreyttir og farnir að tala um það upp úr svefni var haldið til Reykjavíkur með viðkomu í Bláa Lóninu sem vakti undrun og aðdáun. Haldið var lokaparty á Hard Rock Café. Eftir að hafa borðað nægu sínu var farið í stutta ökuferð um Reykjavík og lokadeginum var varið í búðarráp í Kringlunni.

Mót sem slíkt er ekki aðeins haldið í þeim tilgangi að skemmta sér heldur einnig að kynnst fólki frá hinum Norðurlöndunum og eignast vini. Norræn samvinna er heyrnarlausum mikilvæg, ekki síst heyrnarlausum Íslendingum þar sem fámenni þeirra er þeim oft þröskuldur í samfélaginu og þeir geta leitað til hinna Norðurlandanna eftir stuðningi, ráðgjöf og síðast en ekki síst, eftir vinum.

„Hér er
hópurinn
fyrir utan
Hard Rock, á
leiðinni í
lokapartyið“.



TEXTUN Á ÍSLENSKT SJÓNVARPSEFNI AÐ VERULEIKA?



Bjarni Guðmundsson.

Þar sem textun á íslenskt sjónvarpsefni er gert að umfjöllunarefni í ritstjórapistli að þessu sinni, var þá ekki úr vegi að taka viðtal við Bjarna Guðmundsson, framkvæmdastjóra Sjónvarpsins, en Sjónvarpið er eina stöðin sem hefur sent út textað efni í textavarpi og eina stöðin sem hefur tækjabúnað til þess.

Bjarni, verður mikið um textavarpstextunarútsendingar í vetur?

• Textun á íslensku efni fyrir heyrnarskerta eykst jafnt og þétt. Fyrst var aðeins áramótas kaup textað, síðan hátíðardagskrá um jól og áramót, síðan íslenskar kvikmyndir, leikrit og valdar heimildarmyndir.

• Næsta vori fara fram Alþingiskosningar, stendur þá til að textavarpstexta útsendingar af framboðsfundum og sérstöku kosningasjónvarpi?

• Engin ákvörðun hefur verið tekin um fyrirkomulag eða útfærslu á kosningasjónvarpi fyrir Alþingiskosningarnar næsta vor. Þjónusta við heyrnarskerta og táknmálstúlkun verða að sjálfsögðu eitt af því sem þarf að skoða í því sambandi.

• Það er gott að heyra, en hvernig er tækjakostur sjónvarpsins? Geta textavarpstextunarútsendingar orðið að veruleika?

• Textavarpíð notar sérstaka textavél sem tengd er textavarpi og sendir út á síðu 888. Enginn sérútbúnaður annar er í textavarpi fyrir þessa þjónustu.

• Hverjum er það háð að fjármagn fái til reglulegra textavarpstextunarútsendinga?

• Sjónvarpið hefur mjög takmarkað fjármagn til dagskrárgerðar og reynir að nyta það sem best. Það er háð ákvörðun dagskrárstjóra í samráði við framkvæmdastjóra hvaða íslenska efni er textað fyrir heyrnarskerta hverju sinni

• Allir borga afnotagjöld af Sjónvarpinu, þar á meðal heyrnarlausir, finnst þér þá ekki að þeir eigi rétt á því að

textavarpstextunarútsendingar verði reglulegar og jafnsjálfsagðar og svo margt annað, hvort sem synt er beint eða ekki?

• Sjónvarpið hefur ekki yfir að ráða tækjabúnaði, mannafla né fjármagn til textunar beinna útsendinga. Textun með slíkum tækjabúnaði er afar kostnaðarsöm hvort sem valin er sú aðferð að texta með hraðritun meginefni beinna útsendinga eða hvort notuð er svokölluð Velotype-aðferð þar sem vélar með sérstökum hugbúnaði og stækkuðu lyklaborði eru notaðar, en á slíkum vélum eru smáorð og samtengingar á sérlyklum. Notkun á þessum tölum krefst 3-5 mánaða strangrar starfsþjálfunar skv. upplýsingum frá sænska sjónvarpinu. Og eins og fram kemur hér að framan eykst jafnt og þétt það efni sem unnt er að texta fyrir heyrnarskerta.

SMS

Sambýlið í Lækjarási

Í vor var stofnað sambyli fyrir heyrnarlausar þroskhefta við Lækjarás í Reykjavík. Forstöðukona er Kristjana Mjöll Sigurðardóttir og 7 af 10 starfsmönnum eru heyrnarlausir. Íbúar eru 5. Sambýlið er á vegum Svæðisskrifstofu fatlaðra í Reykjavík, en sambýli sem þetta er brýn nauðsyn fyrir þá sem þar búa.

SMS

DAH Vinahlið flutt á DAS Hrafnistu

Dvalarheimili aldraðara heyrnarlausra Vinahlið hefur nú verið lagt niður og voru allir vistmenn fluttir yfir á Dvalarheimili aldraðra sjómanna DAS Hrafnistu í Reykjavík.

4 vistmenn fengu herbergi í nýrri álmu Hrafnistu. Ráðnir voru heyrnarlausir starfsmenn. Þannig er komið til móts að engin hindrun verði á samskiptum vistmanna og starfsmanna.

Vistmenn taka þátt í öllu almennu félagslífi sem DAS Hrafnista býður uppá, s.s. sund, leikfimi, föndur, námskeið og margt fleira, þannig að óhætt er að segja að engum leiðist þarna á DAS. Fyrirverandi stjórn DAH vill hér með koma á kærri þakklæti til stjórnar og starfsfólks DAS, Hrafnistu í Reykjavík fyrir viðtækan skilning á þörfum heyrnarlausra í táknmálslegu samhengi.

SMS

Úr lokaskýrslu Evrópuráðs heyrnarlausra 1997 um aðstæður heyrnarlausra á Íslandi...

... Erlendar kvikmyndir og fræðsluefni í sjónvarpi er textað, auk þess geta heyrnarlausir og heyrnarskertir nýtt sér að kostnaðarlausu 20 síður í textavarp Sjónvarpsins. Fréttir og íslenskt sjónvarpsefni er hinsvegar ekki textað og ekki túlkað, nema í undantekningartilfellum...

...Ekki er reglulega boðið upp á túlkað eða textað sjónvarpsefni í neinni íslenskri sjónvarpsstöð. Undanfarin ár hefur sjónvarpsefni örsjaldan verið túlkað, og þá aðeins í Ríkissjónvarpinu. Á Degi heyrnarlausra hafa kynningar dagskrárpulu verið túlkaðar. Áramótaávarp Forseta Íslands hefur verið endursagt á táknmáli og hefur embætti forsetans staðið fyrir því. Mögulegt er að syna túlkun í textavarp, án þess að almenningur sjái túlkunina, en tilraun til þess hefur aldrei verið gerð. Í lögum er ekki gert ráð fyrir táknmálstúlkun í sjónvarpi...

... Stærstur hluti erlends sjónvarpsefnis er með íslenskum texta, nema barnaefni og á síðustu árum fræðsluþættir sem nú eru talsettir...

...Íslenskt sjónvarpsefni s.s. menningar-, fræðslu-, fréttu- og umræðuþættir eru yfirleitt aldrei textaðir. Stöku sinnum eru sönglög textuð og það sama gildir um óskyran framburð og fréttir tengdar heyrnarlausum og/eða heyrnarskertum...

...Þeir sem eiga nýlegt sjónvarp með textavarp geta nýtt sér þjónustu textavarps Ríkissjónvarpsins. Ríkissjónvarpið veitir félagsmönnum Félags heyrnarlausra endurgjaldslaust aðgengi að 20 síðum í textavarpinu...

... Setja þarf lög sem tryggja heyrnarlausum og heyrnarskertum túlkun á íslensku sjónvarpsefni. Möguleika textavarpsins á táknmálstúlkun þarf að nýta...

... Setja þarf lög sem kveða á um að allt efni í sjónvarpi skuli textað...

... Engin íslenskur sjónvarpsþáttur er túlkaður eða fer fram á táknmáli. Stöku sinnum á undanförunum árum hafa barnasögur verið sagðar á táknmáli í barnaþætti Ríkissjónvarpsins (1997), hafa flestar sögur verið sagðar (alls 8) Í Ríkissjónvarpinu er á hverjum degi fréttatími á táknmáli, þ.e. 9 mínútna útdráttur úr aðalfréttum sjónvarpsins. Fréttapúlur eru heyrnarlausir. Engar myndir eru syndar með táknmálsfréttum og þær eru hvorki raddtúlkaðar né textaðar...

... Ríkisútvarpið/sjónvarp hefur ekki mótað opinbera stefnu um með hvaða hætti þjónustau við heyrnarlausra skuli háttað. Heyrnarlausir og heyrnarskertir fá sjaldan tækifæri til að fylgjast með íslensku sjónvarpsefni...

Mannréttindi heyrnarlausra Málþing haldið í Háskólabíói, sal 2 laugardaginn 3.október 1998 kl:13.00

- 13.00 Berglind Stefánsdóttir, formaður Félags heyrnarlausra setur þingið og flytur ávarp um stöðu heyrnarlausra á Íslandi
- 13.20 Liisa Lauppinen, formaður Heimssamtaka heyrnarlausra, „Mannréttindi heyrnarlausra
- 13.50 Ragnar Aðalsteinsson, lögfræðingur og formaður stjórnar Mannréttindaskrifstofu Íslands „Njóta heyrnarlausir á Íslandi mannréttinda?“
- 14.20 Sigríður Anna Þórðardóttir, alþingismaður „Málefni heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra“
- 14.35 Camilla Mirja Björnsdóttir, nemandi í MH „Framtíðarsýn“
- 14.40 Pallborðsumræður
- 15.10 Veitingar og kynning í anddyri
- 16.00 Málþingi lýkur

Allir velkomnir

Málþingið verður túlkað á táknmáli og rittúlkað á íslensku

Aðgangur er ókeypis

ELSKU MAMMA OG PABBI

Smásaga þýdd af Internetinu

Elsku mamma og pabbi!

Ég sá gamla kennarann minn í dag þið munið eftir henni: hún var kennarinn minn í barnaskóla, þessi sem var heyrnarlaus eins og ég. Mig langaði að fara til hennar. Segja henni hvað hún hafði gefið mér mikið þegar ég var í bekknum hennar. En ég skammaðist mín. Ég vildi ekki að hún sæi örið á höfuðinu mínu. Ég vildi ekki að hún sæi tækin sem voru tengd við líkama minn. Ég vildi ekki að hún sæi hvað ég hafði gleymt miklu af hennar fallega máli sem hún hafði deilt með mér þetta dásamlega ár.

o Ég sá hana í hópi heyrnarlausra. Ég horfði á hana þar sem hún spjallaði við vini sína. Hún var algerlega hluti alls þess sem var í gangi. Það leit út fyrir að þau skildu hvort annað fullkomnlega og það var engin hræðsla eða spenna í samtali þeirra: Allt virtist þeim svo auðvelt. Mér fannst þetta dásamlegt og ég hefði getað horft allan daginn, þrátt fyrir að ég skildi mjög lítið. En ég fór að hugleiða. Ég hugsaði um líf mitt og hversu ólíkt það hlýti að vera þeirra, sem ég horfði á.

• Óljóst minntist ég forskólans sem ánægjulegs tíma. Það voru litir og fegurð og skemmtun og skilningur. Ég man að ég tilbað kennara minn; hún var fyrsta heyrnarlausu manneskjan sem ég sá, fyrir utan sjálfa mig. Ég var ekki öðruvísi en hún: Ég þurfti ekki að þykjast vera önnur til að öðlast viðurkenningu hennar. Mér þótti vænt um hana. Ég man þetta. Ég var hamingjusöm.

Ég man líka að ég varð að skilja við hana. Eftir aðeins eitt ár, ég man þetta sem byrjun á einmannaleika mínum, byrjunina á einangrun og ótta. Ég man eftir aðgerðinni og hversu sársaukafull hún var. Enn þann dag í dag get ég ekki horft á myndirnar af mér með sáraumbúðirnar vafðar um höfuð mér án þess að vilja öskra vegna sársauka og vonleysis. Ég heyrði fyrsta hljóðið mitt mánuði seinna þegar þeir tengdu mig við öll tækin sem ég þurfti að bera allt mitt líf. Hljóðin hræddu mig, en hræðsluöskur mín litu út fyrir að gera ykkur hamingjusöm, svo ég bar þetta ykkar vegna, vegna þess að ég elskaði ykkur og vildi að þið væruð stolt af mér. En ég var ekki send aftur til kennarans sem mér þótti vænt um vegna þess að þið vilduð ekki að hún yrði mín fyrirmynd. Hún var heyrnarlaus og þið vilduð að ég yrði heyrandi, svo mér var haldið frá henni og öðrum heyrnarlausum. Þá var ég sett í bekk með heyrandi krökkum og mér útvegaður túlkur. En tákinn hans voru framandi og ég barðist, reyndi að skilja þau. Þau voru ekkert lík fallegu táknum sem heyrnarlausir kennarinn minn notaði.

En þið voruð hamingjusöm.

Ég talaði vel en ég skildi ekkert. Ég minnst þess að hafa gripið til varalesturs og mikils hávaða sem vonlaust var fyrir mig að skilja.

En þið voruð hamingjusöm.

En ég var góð leikkona. Ég lærði að berjast og lærði að skilja nokkur orð ef þau voru töluð skýrt. Ég vissi, með því að horfa á látbragð fólks, hvenær það var að spyrja mig spurninga og ég var fljót að læra að rétt svar var yfirleitt „já“. Þannig að, allir héldu að ég skildi mjög vel. Allt mitt líf var eins og leikrit, ég reyndi að leika hlutverk án handrits. Og ég var góð í því. Ég var klár að giska og það gladdi alla. Og mamma og pabbi, þið voruð svo stolt af mér.

Þið voruð hamingjusöm.

